

BRUNAVARNIR

Brunasamstæður, brunahólf, burðarvirki og klæðningar:
Húsinu er skipt upp í þrjár brunasamstæður, önnur BS-1 sýningarsvæði, BS-2 geymslur og tæknirými og BS-3 sorpgeymsla, skil verða með REI90 veggjum og EI-CS60 hurðum.
Á milli brunasamstæðna er REI 90 veggurinn 200-300 mm steinsteyptur veggur.
Hann gengur upp undirsteypta þakplötu á BS-2 og BS-3.

Brunasamstæða BS-1
Í samstæðunni er 1220 m^2 sýningarsalur, og minni rými inni í steyptum „boxum" og milligólf.
Brunahólfun:
BH-1,1 sýningarsalurinn er 1.023.4 m^2. á jarðhæð og 408 m^2 á palli, millifleti sem tengir efri hæðir kassana. Í brunahólfinu er lyftustokkur og salerni á jarðhæð, veggir 15 cm járnbent steinsteypa EI60 og hurðir EICS- 30.
BH-1,2 sýningarými 41,8 m^2 og BH-1,3 fyrirlestrarými 49,9 m^2 eru á jarðhæð með 15 cm járnbentum veggjum EI 60 og EIC-30 hurðum/ F30 gleri.
Á efri hæð eru BH-1.4 sýningarrými41,8 m^2, BH-1,5 eldhús 13,9 m^2, BH-1,6 skrifstofa 11,2 m^2, BH-1,7 salerni 24,7 m^2 og BH-1,8 geymsla 17,2 m^2. Umhverfis þessi rými eru 15 cm járnbent steinsteypa- EI60- veggir og EICS- 30 hurðir.

Brunasamstæða BS-2
Veggir brunasamstæðunnar BS-2 er steyptir, hliðarbygging, niðurgrafin , 225 m^2 að grunnfleti. Í samstæðunni eru fyrr tæknirýni og geymslur og henni er skipt upp í þrjú brunahólf.
Brunahólfun:
BH-2,1 loftræstiherbergi/ tæknirými 67,9 m2, BH-2,3 gangur þar sem aðgengi er að tengiherbergjum, salerni og starfsmannaðstöðu samtals 67,5 m2, BH 2,3 geymsla og ræsting, samtals 67,9 m2
Skil milli brunahólfa eru 15 cm járnbundnir steinsteypuveggir EI60 og hurðir eru EI-CS30. Þá er allir veggir í BH-2,2 gangi EI60 og allar hurðir EICS30 þar sem um flótta leið er að ræða

Brunasamstæða BS-2
Veggir brunasamstæðunnar BS-3 er steyptir, hliðarbygging, niðurgrafin , 15 m^2 að grunnfleti. Í samstæðunni, sem er sorpgeymsla er eitt brunahólf.

Sjálfvirkt slökkvikerfi
Gert er ráð fyrir að sett verði sprinklerkerfi (úðakerfi) , samkvæmt sérstökum útreikningi í brunaskýrslu og þannig útfært að það slökkvi eða takmarki eld. Miða er við að setja upp sjálfvirkt slökkvikerfi samkvæmt ÍST EN 12845 og ÍST EN 12845.

Reyklúgur
Gert er ráð fyrir að frá brunasamstæðunum BS-1 verði reyklosun um 12 stk reyklúgur í þaki, 20 m^2 að stærð, samkvæmt sérstökum útreikningi í brunaskýrslu.....
Miða er við að setja upp CE- merktar reyklúgur samkvæmt EN 12101-2.

Flóttaleiðir
Frá brunasamstæðu BS- 1 og BH1,1 sýningarrými eru fimm flóttaleiðir út undir bert loft, um rennihurð aðalinngangs sem opnast sérstaklega við reykskynjara og við straumrof og um tvöfalda gönguhurð á jarðhæð og um 2 gönguhurðir, neyðarútganga, á 2. hæð.
Frágangur hurðar og tilhögun eftirlits verði samkvæmt leiðbeiningu Brunamálastofnunar 208.3 BR1 [23] . Hin hurðirnar fjórar með panikslá samkv ÍST EN 1125. [13]
Samtals er breidd flóttaleiða frá BS-1 er 540 cm.>3,9m/390 mans (100 cm/100 mans.)
Ef ein hurð lokast á jarðhæð, t.d aðalinngangur 140 cm, þurfa hinar hurðirnar tvær á jarðhæð að taka við, en þá má reikna með tvöföldum afkástum. 2* 100* 1,5= 300 mans > 280 mans. 9.5.9 . byggingarreglugerð nr. 112/2012. [1]

Frá brunahólfi og BH-1.6 skrifstofu er flóttaleið útum dyr yfir í BH-1,5 eldhús og um glugga út í BH-1,1 sýningarrýmið, skal neyðaropnunarbúnaður vera skv. ÍST EN 179 [12], sem getur verið til þess viðurkennt handfang, án snerils.
Frá BH 1,5 eldhús er flóttaleið út í BH-1,1 sýningarsalinn eins og frá öllum öðrum minni brunahólfum brunasamstæðu BH-1, enda er
c. Hlutfall lengdar og breiddar rýmisins skal vera minna en 2 (lengd/breidd <2).
samkvæmt . 9.5.4 . byggingarreglugerð nr. 112/2012. [1]

Frá brunasamstæðu BS- 2 eru þrjár flóttaleiðir yfir í brunasamstæðu BS-1 sýningarsvæðið.
Frá BH-2,1 loftræsti- og tæknirými eru tvær flóttaleiðir, önnur um neyðarútgang yfir í BH-1,1 og hin um hurðir fram á gang BH-2.2.
Frá BH-2,2 gangi eru þrjár flóttaleiðir um hurðir fram í sýningarsal BH-1,1 og um BH-2,1 og BH-2,3
Frá BH-2,3 geymslu eru tvær flóttaleiðir, önnur um neyðarútgang yfir í BH-1,1 og hin um hurðir fram á gang BH-2.2
Allir veggir meðfram flóttaleiðum eru a.m.k EI60 og hurðir EICS30
Hurðir í flóttaleiðum séu a.m.k. 90 cm breiðar og björgunarop eru 60*110 cm.

Burðarvirki
Sýningar- og safnahúsið Eldheimar er stálgrindahús, stálrammar með 3 m millibili sem eru a.m.k R60 miða við reyklosun rýmisins þar sem og hiti fari ekki yfir 450°C samanber 9.9.4 byggingarreglugerð nr. 112/2012. [1] rammamir og annað stálvirki verða málaðar með tveimur umferðum af viðurkenndri eldvarnarmáliningu.

Útveggur hússins sem kemur utan á stálramma sem hvíla á steyptum undirstöðum eru einangraðir með steinull og klæddir að utan með CORTEN- stálplötum og þakið er rinnig einangrað með steinull ofan á trapitsu- stálplötur og pappalagt undir gras..
Til hliðar við húsið er niðurgrafin kjallari þar sem útveggir, milliveggir og loftaplata eru úr jarðbundinni steinsteypu R90.

ÚT-ljós, neyðarlýsing og brunaviðvörunarkerfi
Í byggingunni koma ÚT-ljós og neyðarlýsingar samkvæmt leiðbeiningu Brunamálastofnunar. Leiðbeiningu 160.BR3, og skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172,

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt rásatengt brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar ÍSTEN54, Leiðbeiningu 161.1.BR1. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmyndum verður við aðalinngang í hússins

Slöngukerfi, handslökkvibúnaður og slökkvivatn
3 stk. slöngukefli verða í viðbyggingunni nálægt inngöngum og staðsett þannig að þau nái út í öll horn skv. grunnmynd. Handslökkvitæki verða staðsett við slöngukefli, og í samráði við slökkviliðsstjóra. Slökkvivatnsþörf fyrir bygginguna er hér áætluð u.þ.b. 2.242 l/mín fyrir BS-1 verslunarhúsnæðið og 2.297 l/mín fyrir BS-2 lagerhúsnæðið. Á svæðinu eru 4 brunahanar á neðra kerfi vatnsveitunnar merktir inn á afstöðumynd það er yfir nokkrar götur og bryggjuna að fara til þess að komast í sjó, um og innan við 300 m.

Loftræsikerfi
Í húsið verður sett fullkomið loftræstikerfi sem staðsett verður í sérstöku rými BS-2,1 þaðan sem blásið verður inn í sýningarsalinn um stokka í gólfi og sogað út um sérstaka stokka við „kassa" í sýningarrýminu. Brunalúgur verður í öllum stokkum sem fara í gegnum brunasamstæðuveggina.

Viðhald brunavarna
Samkvæmt lögum ber húseigandi ábyrgð á brunavörnum í húsi sínu og að þær hljóti reglubundið eftirlit og viðhald. Gert er ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi, útsogskerfinu og reyklosunarbúnaðinum. Einnig er gert er ráð fyrir að gera þjónustusamningur um viðhald á neyðarlýsingu, brunaslöngum og handslökkvitækjum. Setja skal upp eigið eldvarnareftirlitskerfi fyrir bygginguna í samræmi við reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði og skylt er að setja upp rýmingaráætlun fyrir bygginguna í samræmi við reglur Brunamálastofnunar.

10864

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
9. ÁGÚ. 2012
BYGGINGARFULLTRÚINN I VESTMANNAEYJU

UNDIRRITUN SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR

ÚTG	DAGS	SKÝRINGAR	TEIK	HANN	RÝNT	SAMÞ
A	17.07.2012	Texta og málsetningum bætt við				

Margrét Kristín Gunnarsdóttir
arkitekt MAA
Strandgata 81
220 Hafnarfjörður
netfang: maggastinagunna@hotmail.com
sími: 841-6868

tpz teiknistofa
Kirkjuvegi 23 900
Vestmannaeyjum
Sími 481-2711
tpz@teiknistofa.is
www.teiknistofa.is

VERKÍS
www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMÞYKKT:

27.03..2012 MKG 1:100

PZ MKG

ELDHEIMAR
GOSMYNJASAFN

GRUNNMYND 2 HÆÐ acad

VERKFANG 0436-2 TEIKNING 122

© Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfundar